

Fundargerð 77. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2022, mánudaginn 31. október kl. 12:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar í SORPU, Gylfaflöt.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Stefán Aspar Stefánsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri.

Stefán Aspar Stefánsson tók þátt í fundinum með aðstoð fjarfundabúnaðar. Þorgerður María Þorbjarnardóttir ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 76. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 16. september sl., lögð fram til samþykktar.

2. Málafni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA

Nýlegar lagabreytingar sem flestar koma til framkvæmda um áramót gera ráð fyrir miklum breytingum á framlengdri framleiðendaábyrgð og starfsemi Úrvinnslusjóðs. Líf Magneudóttir borgarfulltrúi hefur verið skipuð aðalmaður í stjórn Úrvinnslusjóðs í stað Áslaugar Huldu Jónsdóttur, sbr. bréf sambandsins, dags. 17. október. Varamaður Lífar verður Gunnar Dofri Ólafsson, fræðslustjóri hjá SORPU bs.

Starfshópur umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðherra um endurskoðun á fyrirkomulagi framleiðendaábyrgðar er að störfum. Jón Viggó Gunnarsson á sæti í hópnum og gerði hann stuttlega grein fyrir helstu álitafnum sem þar eru til umræðu.

Skrifstofustjóri lögfræði- og velferðarsviðs og verkefnisstjóri hittu umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þann 18. október sl. vegna skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Úrvinnslusjóðs. Lögð fram glærुकyning sem fulltrúar sambandsins sýndu á fundinum.

Verkefnisstjóri sem jafnframt á sæti í stjórn Úrvinnslusjóðs greindi frá helstumálum er varða Úrvinnslusjóð og framlengda framleiðendaábyrgð. Við umræðu var m.a. rætt sérstaklega um drög að samningi um framleiðendaábyrgð á veiðarfæraúrgangi, sem ennþá er ófrágenginn.

Verkefnisstjórn telur það vera forgangsmál við innleiðingu hringrásarhagkerfis hér á landi að sveitarfélögum verði auðveldað að gerast þjónustuaðilar hjá Úrvinnslusjóði.

3. **Átakið Samtaka um hringrásarhagkerfi og samstarf við URN - 2112034SA**

Átakið Samtaka um hringrásarhagkerfi, sem sambandið stendur að með stuðningi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, er langt komið. Freyr Eyjólfsson og verkefnisstjóri sögðu frá framgangi átaksins.

Í svæðisáætlanahluta átaksins verður grunnstöðumat á meðhöndlun úrgangs hjá þeim sveitarfélögum sem tóku þátt í átakinu sent sveitarfélögunum á næstu dögum. Í innkaupahlutanum er unnið að gerð sniðmáta fyrir innkaup sveitarfélaga á úrgangspjónustu sem eru hugsað til að leiðbeina við útboðsgerð. Fyrsta sniðmátið er nú í yfirlestri. Í öðrum hluta átaksins er unnið með kröfum um breyttrar innheimtu í takt við Borgað þegar hent er kerfi og er KPMG að klára sinn hluta af því verkefni. Í tengslum við ráðstefnu Umhverfisstofnunar og sambandsins þann 7. október sl. var 2. útgáfa handbókar um úrgangsstjórnun sveitarfélaga gefin út. Samtal er hafið við Umhverfisstofnun um frekari viðbætur og kynningu á handbókinni.

Verkefnisstjórn lýsti ánægju með málþing um innleiðingu hringrásarhagkerfis sem haldið var 7. október sl. og telur að þegar á heildina er litið sé vinnan við innleiðinguna í góðum farvegi. Ljóst er þó að þörf er á frekari stuðningsaðgerðum á næsta ári til að tryggja farsæla innleiðingu.

4. **Markaðsrannsókn - 2112034SA**

Í tengslum við innkaupahluta átaksins Samtaka um hringrásarhagkerfi hefur fyrirtækið Consensa verið fengið til að vinna markaðsrannsókn á meðhöndlun úrgangs hérlendis. Liður í því verkefni var að senda spurningakönnun til allra sveitarfélaga. Svör hafa borist frá 43 sveitarfélögum.

Birgir Ö. Birgisson, lögfræðingur Consensa kom inn á fundinn og kynnti samantekt þar sem fram koma margvíslegar ábendingar um leiðir til að örva samkeppni og auka hagkvæmni í útboðum.

5. **Innleiðing BPHE við innheimtu - 2112034SA**

Um áramót verður gerð krafa til sveitarfélaga að breyta innheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs í anda mengunarbótareglu og innleiða svokallað Borgað þegar hent er (BPHE) kerfi. Fyrir liggur skýrsla um slíka gjaldheimtu sem Efla vann að ósk sambandsins, dags. 2. janúar 2022. Einnig hefur KPMG unnið nánari útfærslu á innleiðingu BPHE byggða á Eflu skýrslunni í tengslum við átakið Samtaka um hringrásarhagkerfi. Leiðbeiningar um BPHE innheimtu er jafnframt að finna í nýlegri handbók um úrgangsstjórnun sveitarfélaga. Sambandið hefur í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun undirbúið tilraunaverkefnið „BPHE hraðall“ og óskað eftir tveimur sveitarfélögum til þátttöku. Gengið hefur verið frá viljayfirlýsingu um þátttöku Ísafjarðarbæjar og Grímsnes- og Grafningsshrepps í verkefninu. Fleiri sveitarfélög hafa lýst áhuga á að fá að fylgjast með verkefninu, með það fyrir augum að geta komið strax í kjölfarið inn í verkefnið. Í verkefninu er gengið út frá því að farin verði svokölluð rýmisleið, þ.e. að stærð og fjöldi íláta ásamt hirðutiðni ráði mestu um gjaldtöku sveitarfélaga.

Freyr Eyjólfsson og verkefnisstjóri sögðu frá tilraunaverkefninu og stöðu innleiðingar BPHE.

Verkefnisstjórn telur útfærslu BPHE hafa mikla þýðingu fyrir öll sveitarfélög og lýsir ánægju með að tilraunaverkefni sé nú að hefjast. Jafnframt leggur verkefnisstjórn áherslu á að sveitarfélög þurfa að vera upplýst um aðferðafræði verkefnisins þar sem framundan er sá árstími þegar sveitarstjórnir ákveða gjaldskrár fyrir næsta ár.

6. Áframhaldandi stuðningsaðgerðir vegna nýju laganna - 2112034SA

Fulltrúar sambandsins og fulltrúar Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins hafa fundað reglulega um þær breytingar sem hafa orðið og munu þurfa að verða vegna nýju laganna. Á síðasta samráðsfundi lögðu fulltrúar sambandsins fram áframhaldandi stuðningsaðgerðir vegna nýju laganna.

Verkefnisstjóri sagði frá málinu. Ekki gafst tími til ítarlegrar umræðu um einstakar verkefnahugmyndir en fundarmenn voru beðnir um að fara yfir listann og forgangsraða tillögum. Málinu verður síðan fylgt eftir gagnvart ráðuneytinu á grundvelli framkominna ábendinga frá verkefnisstjórn.

7. Staða mála - 2210013SA

Fulltrúar verkefnisstjórnar sögðu frá helstu málum á sínu svæði.

8. Önnur mál - 2009111SA

Endurskipun verkefnisstjórnar

Fram kom að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur endurskipað verkefnisstjórnina til næstu fjögurra ára. Skipan aðalmanna er óbreytt en gerðar voru nokkrar breytingar á skipan varamanna.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 28. nóvember og verður hann fjarfundur.

Fundi var slitið kl. 15:30

Jón Viggó Gunnarsson

Steinþór Þórðarson

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Stefán Aspar Stefánsson